



AÐLÖGUN BARNNA LEIKSKÓLADEILD AUÐARSKÓLA



Foreldrar og börn saman í aðlögun - Þátttökuaðlögun

Umhyggja og velferð

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla. Umhyggja og velferð barna er ávallt höfð að leiðarljósi í öllu samstarfi og er grunnur leikskólastarfs. Mikilvægt er að á milli foreldra og starfsfólks ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn (Aðalnámskrá, 2011). Í leikskóla Auðarskóla verður farin sú leið að bjóða börnum og foreldrum upp á þátttökuaðlögun í hópi annarra barna og foreldra.

Samvinna

Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra. Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Samstarf starfsfólks og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og er staður námstækifæra.

Aðlögun barna að dvöl í leikskóla er mikilvægur tími fyrir barnið, foreldra og starfsfólkið. Þátttökuaðlögun byggist á því að foreldrar séu samstarfsaðilar leikskólans og því er framlag þeirra mikils metið. Í þessu samstarfi eru fyrstu skref barnsins í leikskólanum tekin. Tilgangur þátttökuaðlögunar er að barnið læri að vera í nýjum aðstæðum en ekki að verið sé að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum. Þannig byggja börn og foreldrar upp sameiginlegan grunn sem mótar öryggi og traust í þessum nýju aðstæðum og þar eru foreldrar lykilaðilarnir sem færa öryggiskennd og forvitni yfir til barnsins. Um leið gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, námi og námskrá leikskólans.

Börn og foreldrar kynnast leikskólanum; aðstæðum og starfsfólki saman, starfsfólk kynnist barni og foreldrum, og foreldrahópurinn kynnist innbyrðis.

Aðlögunarferlið

Aðlögunartíminn eru 3 dagar. Foreldrar eru með börnum sínum fyrstu þrjá dagana í leikskólanum og eru með þeim inni á deild og í útivist allan tímann eins og dagskipulag segir til um. Foreldrar sinna sínum eigin börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Fyrstu tvo dagana leggja foreldrar börnin til svefns en þriðja daginn sjá starfsmenn um hvíldarstundina. Að öðru leyti skipuleggur deildarstjóri daginn og hefur yfirsýn með starfi. Starfsfólk sinnir öðrum börnum sem fyrir eru í vistun og leiðbeinir og kynnrir foreldrum aðstæður, búnað og starfið eftir þörfum.

Dagsetning	Tími	Farið yfir
Dagur 1:	Kl. 9 – 12	Hólf, aukafatakassar, aukafatapokar, merkingar. Bleyjuskiptaaðstaða. Svefn. Máltíðir. Upplýsingaflæði. Dvalarsamningur. Trúnaðarskjöl.
Dagur 2:	Kl. 8.30 – 15	Dvalarsamningur undirritaður. Trúnaðarskjöl. Skóladagatal, dagskipulag, foreldrahandbók afhent.
Dagur 3:	Kl. 8.30 – 15	Stefna skólans. Nám og kennsla. Kennsluefni, leikefni.

Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og dvelja fullan dag samkvæmt umsömdum vistunartíma. Einstaka börn hafa foreldra sína fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Það er einstaklingsbundið og metið í hvert sinn. Hið sama á við eldri börn og er það metið í samvinnu við foreldra hve löng aðlögunin verður.

Mikilvægt að hafa með í aðlögun:

- Snuð og/eða kelidýr fyrir hvíld
- Bleyjur
- Aukafatnað fyrir boxið
- Útiföt eftir veðri bæði fyrir barn og foreldra

Ábyrgð, ánægja, árangur

Leikskólafólk veit að aðlögunartíminn er oft gríðarlega erfiður fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Reynslan hefur sýnt að þegar aðlögun er gefinn góður tími í upphafi hafi það jákvæð áhrif á líðan barnsins í leikskólanum. Í þeim leikskólum hér á landi sem nýta þáttökuaðlögun hefur gengið vel og hafa bæði starfsfólk og foreldrar haft á orði að álagið hafi minnkað bæði á fjölskyldur og starfsfólk. Í þáttökuaðlögun eru bæði starfsmenn og foreldrar virkir þátttakendur í aðlögunarferlinu og á það að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu.

Mikilvægt er að minna á trúnað og þagnarskyldu þar sem ljóst er að með lengri viðveru tímabundið fá foreldrar óbeinar upplýsingar um önnur börn og foreldra þeirra. Í því ljósi er rétt að minnast á að ekki er leyfilegt að vera með gsm síma inni á deildum leikskólans.

Ef eitthvað liggur á hjarta varðandi þáttökuaðlögun ekki hika við að tala við deildarstjóra barnsins og finna sameiginlega lausn.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur og upphafs leikskólagöngu barns ykkar með okkur.

Starfsfólk leikskóla Auðarskóla

ÚTBÚNAÐARLISTI

Vinsamlegast hafið allan fatnað og aukabúnað vel merktan

Gátlisti um aukafatnað sem þarf að fylgja:

- 4 samfellur/ nærfatasett
- 3 sokkapör
- 2 sokkabuxur eða gammosíur
- 3 buxur
- 3 síðermapeysur eða bolir

Gátlisti um útifatnað sem þarf að fylgja:

- Úlpa
- Þunnar hlífðarbuxur
- Hlý peysa
- Þykkur galli eða úlpa og þykkar útibuxur
- Regngalli
- Nokkur vettlingapör
- Hlýir sokkar t.d. í stígvél
- Húfa og buff
- Vetrarskór
- Stígvél
- Léttir skó